



Reykjavík, 16. september 2019
SFS2019080136
171. fundur
HG/geb/hs

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sundkennslu haustið 2019

Á fundi skóla- og frístundaráðs 27. ágúst 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig verður sundkennslu háttað, á nýhöfnu skólaári, í þeim skólum þar sem nemendur hafa þurft að sækja hana í önnur hverfi eða jafnvel í önnur sveitarfélög?

Svar:

Skólasund fer í flestum tilvikum fram í hverfislaug viðkomandi skóla. Stefnt hefur verið að því á undanförunum árum að grunnskólar borgarinnar nýti sína hverfislaug í stað þess að sækja skólasund í öðrum hverfum. Með því hefur verið dregið úr kostnaði vegna aksturs og sundlaugar borgarinnar eru betur nýttar. Mjög gott samstarf hefur verið við forstöðumenn sundlauganna í þessu skyni.

Einn skóli sækir skólasund utan hverfis en það er Norðlingaskóli sem notar Breiðholtslaugina í stað Árbæjarlaugar sem er þeirra hverfislaug. Norðlingaskóli er mjög fjölmennur skóli og mikil ásókn er í Árbæjarlaugina þar sem flestir skólar í Árbæ, Grafarholti og Úlfarsárdal nýta þá laug fyrir skólasundið. Til að skólinn gæti haft skólasundið á einum stað var tekin ákvörðun um að nota Breiðholtslaugina tímabundið þó svo að akstur í tengslum við skólasundið sé heldur lengri.

Eini skólinn sem sækir skólasund í önnur sveitarfélög er Dalskóli sem enn hefur ekki fengið sína hverfislaug. Skólinn kennir skólasund í einum árgangi í Mosfellsbæ.

Gert er ráð fyrir að allir skólar geti nýtt sína hverfislaug fyrir skólasund þegar ný sundlaug verður tekin í notkun í Úlfarsárdal 2021. Þá munu grunnskólarnir í Grafarholti og Úlfarsárdal geta nýtt þá laug fyrir skólasundið, þ.m.t. Dalskóli og um leið rýmkað í Árbæjarlaug.